

Síðasti fundur vetrarins var haldinn hjá foreldraráði og mættu Þórhildur Gunnarsdóttir, Sigmundur Kristjánsson, Högni Stefán Þorgeirsson, Sigríður Rakel Ólafsdóttir og leikskólastjóri Ársólar, Berglind Grétarsdóttir.

Lesið var yfir starfsáætlun Ársólar, tillögur um úrbætur voru lagðar fram og samþykkti foreldraráð starfsáætlun fyrir veturinn 2013-2014.

Tillögur sem komu fram á fundinum:

- Fast mánaðargjald verði sett á stofn til foreldra leikskólans sem nemur 300 kr. á mánuði. Tillagan var gerð með það í huga að næsta foreldraráð eigi nægan sjóð svo hægt sé að ráðstafa fjárútlátum vegna vorhátíðar Ársólar.
- Sjóður foreldrafélags skal tæmdur í loks hvers árs og ef afgangur er til staðar skal ráðstafa honum til barna leikskólans, t.a.m. í formi leikfanga fyrir deildirnar.
- Til að spara tíma og skriffinnsku var sú tillaga lögð fram að Berglind leikskólastjóri myndi fá prófkúru á reikning foreldraráðs.

Allar tillögur voru samþykktar.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Sigríður Rakel Ólafsdóttir